

Nafn og heimilisfang fyrirtækis	Íslensk kennitala	Skráningarland	Landskóði
Atvinnugrein	Félagsform	Stofnár	Gjaldmiðill ársreiknings

Pessi skýrsla er unnin af:

Nafn	Kennitala	Sími
Heimilisfang	Tengiliður	
Hvar eru bókhaldsgögn varðveitt?	Er hægt að leggja fram bókhaldsgögn? <input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei	

Bein eignarhlutdeild íslenskra eigenda í lögaðila á lágskattasvæði

Nafn	Kennitala	Eignarhluti 31.12.2016 %	Atkvæðisr. 31.12.2016 %	Hlutur keyptur á árinu 2016		Hlutur seldur á árinu 2016		Greiddur arður	
				Já	Nei	Já	Nei	ISK	%
		401	402	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	403	
		401	402	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	403	
		401	402	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	403	
		401	402	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	403	
Beint eignarhald samtals		404 =	405 =					406 =	=

Óbein eignarhlutdeild íslenskra eigenda gegnum erlend félög

Nafn	Kennitala	Eignarhluti 31.12.2016 %	Atkvæðisr. 31.12.2016 %	Breyting til lækkunar á árinu 2016		Breyting til hækkunar á árinu 2016	
				Já	Nei	Já	Nei
		407	408	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
		407	408	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
		407	408	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
		407	408	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
		407	408	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Óbeint eignarhald samtals		409 =	410 =				

Samtals eignarhluti í íslenskrri eigu	411 =	412 =
Stýrður hluti		

Athugasemdir

Dagsetning

Undirskrift

Sundurliðun tekna

	Tekjur í erlendri mynt	Miðgengi (meðaltal ársins)	ISK
Arður af hlutabréfum			=
Söluhagnaður hlutabréfa			=
Aðrar eignatekjur, hvaða?			=
Sala vöru og þjónustu			=
Aðrar rekstrartekjur, hvaða?			=
Samtals	=		=

Sundurliðun gjalda

	Tekjur í erlendri mynt	Miðgengi (meðaltal ársins)	ISK
Tap af sölu hlutabréfa			=
Vaxtakostnaður			=
Annar fjármagnskostnaður, hvaða?			=
Almennur rekstrarkostnaður			=
Annar kostnaður, hvaða?			=
Samtals	=		=

Rekstrarhagnaður/tap skv. ársreikningi

Rekstrarhagnaður/tap í erlendri mynt skv. meðfylgjandi ársreikningi	+/-
Miðgengi (meðaltal ársins)	
Samtals	⁴¹³ =

Skattskyldur hagnaður skv. íslenskum reglum

Hagnaður/tap í íslenskum krónum skv. reit 413	⁴¹⁴ +/-
Skattalegar leiðréttingar, hvaða?	+/-
Skattalegar leiðréttingar, hvaða?	+/-
Skattalegar leiðréttingar, hvaða?	+/-
Skattalegar leiðréttingar, hvaða?	+/-
Samtals (hlutdeild eiganda færast í reit 421 á RSK 4.25)	⁴¹⁵ =

Samanburður skv. 2. mgr. 57. gr. a laga nr. 90/2003

	Fjárhæð í erlendri mynt	Meðalmiðgengi eða miðgengi 31.12.2016 ef ógreiddur	ISK
Tekjuskattur greiddur erlendis			=
Tekjuskattur skv. íslenskum reglum			

Eigið fé til skiptingar á eigendur

Eigið fé alls skv. ársreikningi í erlendri mynt	Kaupgengi 31.12.2016	Eigið fé í ISK 31.12.2016
		⁴¹⁶ =

Fjöldi hluta	Nafnverð hlutafjár í erlendri mynt	Skráð markaðsverð í erlendri mynt	Kaupgengi 31.12.2016	Eigið fé á markaðsverði 31.12.2016 í ISK
				⁴¹⁷ =

Leiðbeiningar

Skýrsla lögaðilans skal ná til allrar starfseminnar viðkomandi tekjuár. Í leiðbeiningunum er orðið "eigandi" notað um þá íslensku skattaðila sem eiga beint eða óbeint í lögaðila á lágskattasvæði (CFC-félagi). Til að fá úthlutað kennitölu fyrir CFC-félag þarf að snúa sér til fyrir-tækjaskrár RSK og skila inn umsóknareyðublaði RSK 17.90.

Skila ber ársreikningi lögaðilans með skýrslunni.

Pessi skýrsla er unnin af:

Taka skal fram hver vinnur skýrsluna, ásamt upplýsingum um hvar bókhaldsgögn eru varðveitt og hvort unnt sé að leggja þau fram óskri ríkisskattstjóri eftir því.

Bein eignarhlutdeild íslenskra eigenda í lögaðila á lágskattasvæði

Hér skal skrá nafn og kennitölu eigenda vegna **beinnar** eignarhlutdeildar, eignarhluta í árslok, hlutfall atkvæðisréttar í árslok og hlutdeild í úthlutaðum arði (fjárhæð og hlutfall af heildararðgreiðslu til íslenskra og erlendra eigenda). Hafi eigandi keypt eða selt hlut í erlenda lögaðilanum á rekstrarárinu skal haka í viðeigandi reit og gera sérstaklega grein fyrir þeim viðskiptum í athugasemdadálki. Tilgreina skal nafn seljanda og kaupanda ásamt dagsetningu viðskiptanna og eignarhluta.

Óbein eignarhlutdeild íslenskra eigenda gegnum erlend félög

Hér skal skrá nafn og kennitölu eigenda sem eiga **óbeint** í hinum erlenda lögaðila í gegnum erlent félag. Með óbeinu eignarhaldi er átt við það þegar eigandi á hlut í erlendu félagi sem á hlut í lögaðila sem hefur heimilisfesti í lágskattaríki í skilningi 2. mgr. 57. gr. a laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Það telst einnig óbeint eignarhald þegar fleiri félög standa á milli eigandans og lögaðilans. Ef eignarhald er flókið er æskilegt að láta skjal fylgja með skýrslunni sem skýrir eignarhald. Tilgreina skal eignarhluta, hlutfall atkvæðisréttar og hvort breyting hafi orðið á eignarhlutdeild á árinu. Ef um slíka breytingu er að ræða skal gera grein fyrir því í athugasemdakafli í hverju breytingin fólst. Til að finna út hver eignarhlutdeild er þegar um óbeina eign er að ræða, skal margfalda eignarhluta eiganda í „millilið“ og eignarhluta milliliðar í hinum erlenda lögaðila. Dæmi: Ef íslenskur eigandi á 50% í félagi A og það félag á 50% í lögaðila sem staðsettur er á lágskattasvæði er eignarhlutdeild eigandans 25% ($0,5 \times 0,5 = 0,25$). Sama regla á við þegar fleiri félög eru í eignakeðjunni.

Samtals eignarhluti í íslenski eigu/stýrður hluti

Hér skal tilgreina heildareignarhlutdeild íslenskra eigenda í hinum erlenda lögaðila, **beina** og **óbeina** (samtala reita 404 og 409), þó ekki óbeina eignarhlutdeild í gegnum íslensk félög. Einnig skal gera grein fyrir samtölu atkvæðisréttar íslenskra eigenda (samtala reita 405 og 410). Tilgreina skal yfirráðahlut ef íslenskir eigendur hafa í krafti hluthafasamnings, samþykktu, umboða o.s.frv., umráð yfir hlutum sem formlega eru í eigu erlendra aðila. Í athugasemdakafli skal gera grein fyrir því á hverju umráð byggja. Hér undir teljast einnig umráð sem leiða af óbeinu eignarhaldi. Þannig telst eigandi hafa umráð yfir hinum erlenda lögaðila eigi hann helmingshlut í félagi sem á helmingshlut í þeim lögaðila sem telst heimilisfastur á lágskattasvæði, skv. 2. mgr. 57. gr. a laga nr. 90/2003, þrátt fyrir að eignarhlutdeild hans nemi 25% í því tilvik. Byggir það á því að aðilinn telst hafa umráð yfir félaginu eigi hann helmingshlut í því og telst þar af leiðandi hafa

umráð yfir málefnum þess, m.a. þeim umráðum félagsins yfir hinum erlenda lögaðila sem hefur heimilisfesti í lágskattaríki. Tekið skal tillit til eigin hluta lögaðila á lágskattasvæði í þessu sambandi. Sem dæmi má nefna að ef 10% eignarhlutur er í eigu lögaðilans sjálfs nægir 45% eignarhlutdeild eigenda til þess að umráð yfir lögaðilanum teljast vera fyrir hendi.

Sundurliðun tekna

Hér skal sundurliða tekjur nákvæmlega. Annars vegar í eignatekjur s.s. vexti, arð, söluhagnað af verðbréfum, leigutekjur o.s.frv. og hins vegar almennar rekstrartekjur, s.s. sölu á vöru eða þjónustu.

Sundurliðun gjalda

Hér skal sundurliða gjöld nákvæmlega. Annars vegar í fjármagns-kostnað, s.s. vaxtakostnað, tap af sölu hlutabréfa o.s.frv. og hins vegar í annan almennan rekstrarkostnað.

Rekstrarhagnaður/tap skv. ársreikningi

Hér skal gera grein fyrir rekstrarafkomu lögaðilans í mynt skráningarlands eða aðalstarfrækslugjaldmiðli félagsins, sem á er byggt í ársreikningi. Afkomuna skal umreikna í ISK í árslok m.v. gengi þess gjaldmiðils gagnvart ISK. Hafa skal ákvæði 91. gr. tekjuskattslaga til hliðsjónar við umreikning í íslenskar krónur. Tekjur og gjöld á árinu skulu umreiknaðar í ISK á meðaltali miðgengis (milli kaup- og sölu-gengis) reikningsársins. Eignir, skuldir og eigið fé skulu umreiknaðar í ISK á gengi í lok árs. Eignir á kaupgengi en skuldir og eigið fé á sölu-gengi. Mögulegur gengismunur við umreikning þennan telst hvorki til tekna eða gjalda. Ef rekstur er einungis hluta úr ári skal miða við meðaltal miðgengis þess tímabils. Hafi ársreikningur ekki verið gerður skal útbúa hann í samræmi við framanritað og ákvæði íslenskra laga um ársreikninga og bókhald eftir því sem við á. Ársreikning skal senda inn með skattframtali eiganda.

Skattskyldur hagnaður

Hér skal leiða fram almennan hagnað hins erlenda CFC félags samkvæmt íslenskum reglum sem gilda um sambærileg félagaform. Endanleg ákvörðun skattstofns til skattlagningar hjá eiganda tekur síðan mið af skattalegri stöðu eiganda.

Hafi eigandi hins erlenda lögaðila sætt skattlagningu samkvæmt reglum 57. gr. a laga nr. 90/2003 á fyrra ári, en eigandi telur að það falli nú utan reglnanna, svo sem vegna sérstakra frádráttarheimilda eða rekstrartaps, skal samt sem áður gera grein fyrir rekstrarniðurstöðu hér. Eigandi eða ráðandi aðili yfir lögaðila sem skráður er í ríki sem almennt telst lágskattaríki skal á hverju ári gera grein fyrir afkomu slíks lögaðila í framtalsskilum sínum. Hlutdeild eiganda í skattskyldum hagnaði skv. reit 415 skal færa í reit 421 á eyðublaði RSK 4.25.

Samanburður (skv. 2. mgr. 57. gr. a laga nr. 90/2003)

Í þessum kafla ber að gera grein fyrir annars vegar tekjuskatti sem greiddur var eða verður greiddur erlendis og hins vegar þeim tekju-skatti sem á hefði verið lagður skv. íslenskum lögum.

Eigið fé til skiptingar á eigendur

Færa skal bókfært eigið fé samkvæmt ársreikningi í ISK í reit 416 nema félagið sé skráð í kauphöll eða á skipulögðum tilboðsmarkaði, en þá skal miða við eigið fé á skráðu markaðsverði eftir að það hefur verið umreiknað í ISK og skrá það í reit 417.